

VEISLA Í HIMNARÍKI

I

Snorri Sturluson segir svo í Gylfaginningu, að þrír séu himnar og heiti hinn þriðji og efsti Víðbláinn, en þar er Gimlé, er „Ljósálfar einir“ byggja nú, en eftir Surtarloga munu þar byggja „góðir menn ok réttlátir of allar aldir.“ Einnig Emanuel Swedenborg segir, að himnarnir séu þrír, og er ekki líklegt, að hann hafi þar farið eftir fornum norrænum fræðum; hefi ég hvergi í ritum hans rekið mig á neitt, sem bent gæti til þess, að hann hafi haft nokkurn áhuga á þeim fræðum eða verið þeim kunnugur. Swedenborg (f. 1688, d. 1772) var verkfræðingur, náttúrufræðingur og rithöfundur mjög stórvirkur, en síðustu 25 árin, sem hann lifði voru helguð dulspeki og biblíuskýringu, og mun hann þau árin varla hafa litið í aðra bók en biblíuna. Hann var skyggn mjög þennan kafla ævi sinnar, og hefir ritað mikið um það, sem fyrir hann bar. Segir þar frá því, er hann varð þess var eitthvert sinn, að samkoma mikil var í andaheiminum er hann nefnir svo (mundus spirituum). Var þar mikið rætt um það, hvernig vera mundi í Himnaríki. En þar sem andarnir voru saman komnir sáu þeir raunar Himnaríki á lengdar, var það að sjá eins og afarhár fjallgarður eða hálendisbrún, fjarst út við sjónhring. Heyra þeir nú þarna á fundinum rödd frá himnum, er segir, að nokkrir þeirra skuli fá að koma til Himnaríkis, svo að þeir geti af eigin sjón fræðst um hvernig þar er, og sagt svo hinum, er þeir koma aftur. Segir síðan af för hinna útvöldu „anda“ til Himnaríkis, og hvernig þeir voru undirbúnir svo að þeir gætu dvalið þar um hríð. Var þeim síðan boðið til veislu mikillar og voru þar á borðum vistir hinar ágætustu, en viðræður stórfróðlegar. Segir þarna nokkru nánar frá höfðingja Himnaríkis, og hversu

hann var búinn. Enginn gekk þar um beina, en af framreiðslu allri segir nokkuð líkt og þar sem lýst er í Skáldskaparmálum veislu þeirri, er Ægir hélt Ásum: „At þeirri veizlu vanzk alt sjálft, bæði vist ok öl ok öll reiða er til veizlunnar þurfti.“

II

Það má telja víst, að hinn mikli náttúrufræðingur og dulspekingur, segir í aðalatriðum rétt frá er hann lýsir veislu þessari í Himnaríki og tildrögum hennar. Vitranir eru ekki eintómur hugarburður og tilbúningur, eins og mönnum hættir svo oft við að halda, þegar lokið er hinni barnslegu trú, og ekki annað komið í staðinn en sálufræði, sem aðeins er á byrjunarstigi, og hafnar eigi einungis því, sem rangt var í fornum átrúnaði, heldur einnig því sem er rétt, eða í áttina til sannleiks. Tilveran er miklu merkilegri heldur en tómfræðin (kenologian) ímyndar sér. Vitranir eru daglegir eða öllu heldur náttlegir viðburðir hjá oss öllum, því að vér fáum vitranir í hvert skipti, sem vér sofnum, þó að vanalega sé það, sem fyrir oss ber, blandað mjög villum eða missýningum og lítið mark á því takandi. En það má segja með hiklausri vissu, að draumlífið er vitranaeðlis, og þannig til komið, að í svefni fáum vér þátt í lífi annars og annarra eða þeir í oss; hefi ég nefnt draumgjafa í sambandi við þá fornu málvenju, að einhverjum gefi sýn. Er allt þetta mál stórþýðingarmikið fyrir skilning vorn á framtíð og tilgangi lífsins, sem er samband alls lífs, til fullkomins samræmis og fullkomins valds á möguleikum þessa stórkostlega heims. Og þegar ég lýsi þannig eðli drauma, þá er ekki um tilgátu eina að ræða, heldur uppgötvun, svo að aldrei hefir áreiðanlegri verið. Margar áreiðanlegar sögur eru til af því, hvernig menn hefir dreymt ýmislegt, sem í raun rétttri var að gerast, stundum í öðru herbergi í sama húsi, stundum í annarri götu eða öðrum landshluta, stundum jafnvel í annarri heimsálfu. Mann dreymdi t. d. að hann bjargaði frá drukknun, barni, sem hann hafði miklar mætur á; og svo kom það í ljós, að manninn hafði dreymt það, sem fram fór í raun og veru;

barninu var bjargað frá drukknun með slíkum atvikum, sem vin barnsins hafði dreymt; sá sem bjargaði varð draumgjafi. Annað ágætt og áreiðanlegt dæmi er það, þegar maður verður fyrir því í dýragarði, að hvítabjörn bitur hann, en vin hans, sem sefur í húsi sínu skammt þaðan, dreymir að hann verði fyrir einmitt þessu sama, sem fyrir vin hans kom; sá sem bitinn var, gerist, án þess að vita eða vilja draumgjafi vinar síns. Í grein í tímaritinu „Light“ hefi ég bent á, að það nær engri átt, að ætla að skýra slíkt með fjarsskyggni eða því, sem menn nefna travelling clairvoyance (þ. e. að sál mannsins hafi „farið úr líkamanum“ og verið viðstödd atburðinn, sem hinn sofandi líkama mannsins dreymir); því að þá hefði í dæmi því, sem áður var nefnt, manninn dreymt, að hann sæi barninu bjargað, en ekki að hann bjargaði því sjálfur; og að sínu leyti eins í hinu dæminu. En þó að draumgjafinn sé stundum á þessari jörð, þá sýnir vandleg íhugun draumlífsins, að vanalegast er um íbúa einhverrar annarrar jarðstjörnu að ræða. Er þar séð fram á aðferð til að fá vitneskju um lífið á stjörnunum, og eru möguleikar draumlífsins miklir og stórfurðulegir. Saga Swedenborgs gefur nú nokkra bendingu í þá átt, og þessi draumur hans, er hann dreymdi vakandi og nokkuð hefir verið af sagt, veitir merkilega fræðslu, ekki um líf í andaheimi, heldur á einhverri annarri jarðstjörnu. Swedenborg segir sjálfur frá því, að englarnir, er hann nefnir svo, hafi reynt til að sannfæra hann um, að þeir væru ekki andaheimsverur; en þeim varð þar ekki meira ágengt en mér, þegar ég hefi verið að reyna að fá ýmsa ágæta menn til að skilja, að það er hin mesta fjarstæða að ímynda sér, að lífið eftir dauðann sé andalíf í andaheimi, en ekki líkamlegt líf á einhverri jarðstjörnu.

III

Það er nú augljóst, að það sem Swedenborg í vitranasögu sinni nefnir Himnaríki, er eitthvert mjög merkilegt hálendi, þar sem íbúarnir eru mjög miklu lengra komnir í að temja öfl náttúrunnar, heldur en þeir sem heima eiga niðri á lág-

lendinu. Á dögum Swedenborgs þótti það ótrúlegt mjög, eða þá yfirnáttúrulegt, þeim sem trúnað vildu leggja á slíkt, að nokkur gæti látið heyra rödd sína á fundi, sem haldinn væri í margra mílna fjarlægð frá honum. Nú á dögum er slíkt orðið algengt, eins og kunnugt er, og ekki talið yfirnáttúrulegt. Swedenborg getur ekki um, hver himininn það sé í röðinni, sem hann segir þarna af; en það er þó af ýmsu ljóst, að það er hinn fyrsti eða neðsti himinn. Þeir sem þarna eiga heima, neyta matar og drykkjar og nota klæðnað; en í hinum þriðja himni, segir Swedenborg ganga allir allsnaktir; líkamirnir eru þar orðnir svo fagrir og sterkir, að öll þörf fyrir klæðnað er gersamlega horfin.

Kemur í slíkum sögum greinilega fram, að það er verið að lýsa líkamlegum verum, en ekki öndum. Og eins bera lýsingarnar það með sér, ef nógu vandlega er að gætt, að þær eru engan veginn eintómur hugarburður eða tilbúningur þeirra, sem slíkt hafa ritað.

12. sept. '31.